

Frá ritstjórum

Tólfta útgáfuár *Íslenska þjóðfélagsins* – tímarits Félagsfræðingafélags Íslands er nú að baki. Undanfarin misseri hafa verið viðburðarík hjá tímaritinu. Thamar Melanie Heijstra lét af störfum sem ritstjóri eftir fimm ára setu í upphafi árs 2020. Samfara því skipaði Félagsfræðingafélag Íslands ritnefnd úr sínum röðum sem sinnti ritstjórnarstörfum út árið 2020. Ritnefnd var skipuð Guðmundi Oddssyni, Margrétu Valdimarsdóttur, Sigrúnu Ólafsdóttur og Sunnu Símonardóttur. Auglýst var eftir ritstjórum og í upphafi árs 2021 tóku Guðmundur Oddsson og Margrét Valdimarsdóttir við sem ritstjórar til tveggja ára. Sóllilja Bjarnadóttir var jafnframt ráðin aðstoðarritstjóri í upphafi árs.

Árið 2021 var útlit birtra greina í tímaritinu gert stílhreinna í kjölfar þess að gengið var til samninga við umbrotsaðila. Það skiptir sköpum að hafa fagmann til verksins en umbrotsvinna við samþykkt handrit hefur fram að þessu fallið á ritstjóra og fórnfúsa og tölvufæra félagsfræðinga sem standa tímaritinu nærri. Ritstjórar og stjórn Félagsfræðingafélags Íslands tóku jafnframt þá ákvörðun á árinu að gera höfunda ábyrga fyrir faglegum prófarkarlestri handrita líkt og tíðkast víða. *Íslenska þjóðfélagið* hefur hingað til staðið straum af kostnaði við prófarkarlestur en mun framvegis velta þeim fjármunum í faglegra umbrot. Enn fremur hefur það reynst ómetanlegt að fá Sóllilju Bjarnadóttur inn sem aðstoðarritstjóra en slíkt hefur straumlínulagað umsýslu við innsend handrit og tímaritið sjálft.

Sex greinar birtust í þessum árgangi *Íslenska þjóðfélagsins*. Tímaritinu bárust níu handrit á árinu sem öll fóru í ritrýni en tveimur handritum var hafnað í kjölfarið. Birtar greinar í árganginum eru mjög fjölbreyttar en hafa það sammerkt að greina fjölbreyttar áskoranir í kviku nútímasamfélagi. Greinin „Þessi veröld sem við búum í var skrifuð af körlum, um karla og fyrir karla“ eftir Hjördísi Sigursteinsdóttur og Kristínu Helgadóttur byggir á rannsókn á kynjahlutföllum í stjórnnum fyrirtækja á Akureyri og notast var við viðtöl og spurningakönnun til að greina viðhorf stjórnarfólks til kynjakvóta í stjórnnum. Greinin „Mæður á þriðju vaktinni í kórónaveirufaraldrinum“ eftir Andreu Hjálmsdóttur og Valgerði S. Bjarnadóttur varpar einnig ljósi á kynjamisrétti, en rannsóknin byggir á opnum dagbókarfærslum tæplega fjörutíu mæðra vorið 2020 í kjölfar þess að COVID-19 faraldurinn skall á hér á landi. Mjög áhugaverð greining á fordæmalausum tímum.

Í greininni „Mannekla lögreglu og mjúk löggæsla í dreifbýli“ kortleggja Guðmundur Oddsson og Andy Hill þróun mannafla íslensku lögreglunnar, skoða lögregluna í evrópskum samanburði og greina upplifun dreifbýlislögreglumanna af helstu áskorunum þeirra og bjargráðum. Í rannsókninni var notast við fyrirbyggjandi gögn og viðtöl

við 23 lögreglumenn með starfsreynslu í dreifbýli. Í samnefndri grein rannsaka Ómar Hjalti Sölvason, Markus Meckl og Þorlákur Jónsson væntingar Íslendinga og hugmyndir innflytjenda um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Rannsóknin sem greint er frá er hluti rannsóknarverkefnisins „Samfélög án aðgreiningar?“ og byggir á tvískiptri spurningalistakönnun með mikla svörum meðal innflytjenda. Rannsóknin er mjög athyglisverð, ekki síst í ljósi fjölgunar innflytjenda hérlandis undanfarin ár.

Kristín Björnsdóttur og Ásta Jóhannsdóttir skoða áhrif hamfara á líf og aðstæður fatlaðs fólks og greina viðbragðsáætlanir almannavarna og leiðbeiningar í hamförum með tilliti til aðstæðna fatlaðs fólks í greininni „Fatlað fólk í hamförum“. Um er að ræða fyrstu íslensku fræðigreinina þar sem fjallað er um fatlað fólk og hamfarir. Loks birtist í tímaritinu grein eftir Má Wolfgang Mixa, Kristínu Loftsdóttur og Önnu Lísu Rúnarsdóttur sem ber titilinn „Þú veist ekki hvaða húsnæði þú ferð í næst“: Tvísýnleiki og upplifun leigjenda af íslenskum húsnæðismarkaði“. Við greininguna er teft saman tölfræðiupplýsingum um umfang og ástand leigumarkaðarins, sem og reynslusögum leigjenda sem safnað var með viðtölum árið 2020. Greinin talar beint inn í erfitt ástand á húsnæðismarkaði.

Íslenska þjóðfélagið stendur styrkum fótum og framtíð þess er björt. Tímaritið hefur verið gefið út frá árinu 2010 og hafa að jafnaði 6,5 greinar birst í tímaritinu í hverjum árgangi. Fyrir dyrum stendur að uppfæra vefsíðu tímaritsins og færa tímaritið sjálft í nútímalegra horf. Þá stendur til að gera tímaritinu hærra undir höfði og auka sýnileika þess, svo sem með málþingum í tengslum við birtar greinar. Liður í þessu er að Félagsfræðidagurinn í upphafi árs 2022 verður tileinkaður *Íslenska þjóðfélaginu*.

Ritstjórar hvetja lesendur til að fylgjast með uppfærðu tímariti og halda áfram að senda inn handrit.

Ritstjórar *Íslenska þjóðfélagsins*,
Guðmundur Oddsson og Margrét Valdimarsdóttir.